

Nd.

398. Nefndarálit

[134. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsögn fjármálaráðuneytis. Þar er lagt til að verðtryggingarákvæði verði samhljóða í lögum nokkurra annarra lífeyrissjóða. Frumvörp þess efnis munu verða flutt á Alþingi því er nú situr. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með nýju orðalagi 1. gr.

BREYTINGARTILLAGA.

1. gr. orðist svo:

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í rikisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð rikissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans.
5. Í bönkum og sparissjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefna, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kaupstúnum.

Alþingi, 23. febr. 1978.

Gunnlaugur Finnsson, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Stefán Valgeirsson.	Magnús T. Ólafsson.	Geirþrúður Hildur Bernhöft.